

skrifari í sameiningu) hafi umráð yfir eign og fjármálum fjelagsins samkvæmt lögum þess, og standi fyrir öllum fjárreiðum þess, en eigi forseti stjórnarinnar útaf fyrir sig. Sje því fjelagsstjórnin í heild sinni hinn rjetti sakaraðili, en ekki stjórnarforsetinn; hann sje ekki bær um upp á sitt eindæmi að leggja fjárgreiðslu-skuldbindingar á fjelagið. En þessi málsvarnar-ástæða hins stefnda varðar ekki frávísun sakarinnar frá undirrjetti, heldur mundi hún leiða til sýknu-dóms, ef hún reynist á rökum byggð, og mun hún koma til álita, þegar dæmt verður um aðalefni málsins. Frávísunarkrafa hins stefnda verður því eigi tekin til greina, en honum veitist eptir beiðni hans vikufrestur til andsvara í málinu.

Fyrir því úrskurðast:

Frávísunarkrafa hins stefnda verður ekki tekin til greina, en honum veitist vikufrestur til andsvara um aðalefni málsins.

Nr. 15/1886

Guðmundur Jakobsson

gegn

Sra Jóni Guttormssyni.

D ó m u r :

Aðilar máls þessa, Guðmundur Jakobsson snikkari og Jón Guttormsson prófastur, gjörðu 1. dag aprilmán. 1883 samning um byggingu á Hvammskirkju í Hvammssveit, og er aðal-inntak samningsins það, er

nú skal greina. Guðmundur lofaði að byggja upp tjeða kirkju að nýju úr timbri, alla undir hvelfingu með bronserudum stjörnum, með 5 álna löngu setu-lopti uppi á bitum í fremstu stafgólfunum, og með sexstrendum stöpli, og að öðru leyti samkvæmt ákvæðum sammingsins, ennfremur að mála kirkjuna þrisvar að innan og tvisvar að utan. — Kirkjuna lofaði hann að hafa svo vel gjörða og vandaða að öllum frágangi, að óaðfinnanlegt væri og að hún yrði varanlegt og prýðilegt guðshús; hann átti að sjá sjer og þeim, er ynnu að byggingu kirkjunnar með honum, fyrir verkfærum, fæði, húsnæði og þjónustu. Aftur skuldbatt séra Jón Guttormsson sig til að leggja til allt efni heima á staðnum í tæka tíð. — Smíðalaunin voru ákveðin 1600 kr., og að auki 100 kr. fyrir að mála kirkjuna utan og innan; þó var áskilið að þessar 100 kr. skyldu falla burtu, ef hugsanlegar kringumstæður yrðu því til fyrirstöðu, að séra Jón Guttormsson ljeti kosta upp á að mála húsið. — Ákvæðum sammings þessa um það, nær kirkjusmíðinni skyldi lokið, og um greiðslu á smíðalaununum, breyttu hlutadeigendur með öðrum samningi, gjörðum 13. okt. 1883, og er þar áskilið, að Guðmundur skyldi hafa lokið kirkjusmíðinni fyrir páska 1884, þó þannig að förfun megi dragast til júnímánaðarloka nefnt ár, og á hinn bóginn að séra Jón Guttormsson skyldi greiða smíðalaunin jafnóðum eptir því sem honum væri framast unnt, og að hafa lokið þeim til fulls innan júlímánaðarloka 1884. Á 2. í páskum árið 1884 vígði hinn stefndi kirkjuna, og er svo að sjá, sem Guðmundur Jakobsson þá hafi talið hana fullgjörða af sinni hendi að öðru en förfun og því,

að hinar bronseruðu stjörnur vöntuðu í hvelvinguna; síðar um vorið málaði hann hana tvisvar að innan, og í fyrra vor (1885) bauðst hann til að ljúka við að mála hana, en hinn stefndi neitaði að þekkjust það boð hans. Guðmundur Jakobsson hefur viðurkennt það, að hann hafi meðtekið upp í smíðalaunin 1100 kr. 57 aur., en telur að eptir standi samkvæmt byggingarsamningnum fyrir smíðið og fyrir að mála húsið 599 kr. 43 aur., og hefur hann lögsótt sjera Jón Guttormsson til þess, að greiða þessa upphæð með lögrentu frá gjalddaga rjettum, síðasta degi júlímán. 1884, og að auki 750 kr. fyrir atvinnumissi veturinn 18⁸²/₈₃, með því að hann þá um haustið eptir undirlagi sjera Jóns hafi farið vestur að Hvammi til þess að smíða kirkjuna, en þar eð efni-
viður þá eigi hafi verið heim fluttur, hafi hann verið þar atvinnulaus með annan mann nálega hálf missiri, og loksins til að greiða 200 kr. fyrir tjón og fyrirhöfn, er gjaldtregða stefnda hafi bakað honum; svo krafðist hann og málskostnaðar. En með dómi aukarjettar Dalasýslu, upp kveðnum 4. desember f. ár, er hinn stefndi sýknaður fyrir kröfum Guðmundar Jakobssonar, og málskostnaður látinn falla niður. — Dómi þessum hefur Guðmundur áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. maí þ. á., og krafizt þess, að sjera Jón Guttormsson verði dæmdur til að greiða ofantaldar upphæðir, nl. 599 kr. 43 aur. sem eptirstöðvar af umsömdu kaupí fyrir að smíða og mála kirkjuna, 750 kr. fyrir atvinnumissi, 200 kr. fyrir tjón og ómök sakir gjaldtregðu stefnda, allar þessar upphæðir með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 12. júní f. á., og málskostnað fyrir undirrjetti og yfirdómi

með 60 kr. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum áfrýjanda, og að sjer verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi með 60 kr., eða eptir mati rjettarins.

Að því er snertir 1. upphæðina í rjettarkröfu áfrýjandans 599 kr. 43 aur., ber að athuga, að í henni felast 100 kr. fyrir að mála Hvammskirkju samkvæmt samningnum 1. apríl 1883. En með því að áfrýjandinn eigi málaði kyrkjuna í tæka tíð samkvæmt samningnum, og með því að hann eigi hefur sannað, að hann hafi haft gildar ástæður til þess, að bregða út af samningnum í þessu efni, þá verður að líta svo á, að hinn stefndi hafi haft heimild til þess, að neita honum um að mála kirkjuna, þá er hann bauðst til þess, löngu eptir hinn ákveðna tíma. Og þá er það jafnframt ljóst, að áfrýjandinn hefur ekki heimtöngu á að fá þessar 100 kr. greiddar af stefnda. Eptir samningnum um kirkjubygginguna átti áfrýjandinn að fá fyrir smíðið á kirkjunni 1600 kr., og hefur hann viðurkennt, að hann hafi meðtekið upp í smíðalaun þessi 1100 kr. 57 aur., en gjörir nú kröfu til eptirstöðvanna 499 kr. 43 aur. Hinn stefndi hefur eigi sannað það, að hann hafi greitt áfrýjandanum meira upp í smíðalaunin, en áfrýjandinn hefur viðurkennt, sem sje þessar 1100 kr. 57 aur. Að vísu er það komið fram í málinu, að áfrýjandinn hafi auk þessa fengið frá stefnda eða að hans tilhlutun 258 kr. og 69 kr. 71 aur., samtals 327 kr. 71 aur., en áfrýjandinn hefur gjört reikningsleg skil fyrir því, hvernig þessari upphæð hafi verið varið (No. 2 að Ltra G í dómsgjörðum undirjettarins), og með því að hinn stefndi eigi hefur vefengt einstök atriði í reiknings-

skilunum eða einstaka liði í umræddum reikningi, þótt bein áskorun í þá átt hafi komið fram af hálfu áfrýjanda, og með því að það er viðurkennt af stefnda, að áfrýjandinn hafi átt að kaupa við og annað fleira til kirkjubyggingarinnar, en aðalpóstarnir í áminnztum reikningi eru einmitt fyrir kaup á við og saum til kirkjunnar, þá verður eigi þessum reikningi hnekk, eins og málið liggur fyrir. — En þar af leiðir aptur, að áminnztar 327 kr. 71 aur. verða eigi taldar greiðsla upp í hin umsömdu smíðalaun. En nú hefur stefndi haldið því fram, að áfrýjandinn hafi leyst kirkjusmíðina svo illa af hendi, og í svo mörgum verulegum atriðum brugðið út af fyrirmælum byggingarsamningsins, að hann geti eigi gjört tilkall til allra smíðalaunanna, og alls eigi til frekari fjárupphæðar, en hann þegar hafi fengið. Samningurinn 1. apríl 1883 um byggingu kirkjunnar hefur ekkert ákvæði um það, að áfrýjandinn ætti að afloknu smíðinu að skila af sjer kirkjunni með formlegri afhendingargjörð; í samningnum er aptur á móti sú ákvörðun, að beneficiarius (þ: hinn stefndi) megi hafa allt eptirlit með byggingunni, meðan á verkinu stendur, og að hann megi láta fram fara skoðun á húsinu að afloknu verkinu. Af þessum sjerstaklegu samningsfyrirmælum leiðir beint, að hafi hann ekki verið ánægður með hvernig verkið var af hendi leyst af hálfu áfrýjanda, þá átti hann að láta dómkvadda skoðunarmenn meta verkið, þegar kirkjusmíðinni var lokið. En kirkjusmíðin mun hafa verið talin fullgjör, þegar kirkjan var vígð vorið 1884; hinn stefndi ljét þá eigi gjöra skoðun á kirkjunni, enda er ekkert komið fram í málinu því til sönnunar, að honum hafi þá þótt

verkið óviðunanlega af hendi leyst; þvert á móti hefur áfrýjandinn borið það fram, án þess að því hafi verið mótmælt, að stefndi hafi þá lokið lofsorði á kirkjubygginguna. Það verður að líta svo á, að stefndi hafi tekið við kirkjunni eigi síðar, en hann vígði hana, því að eptir það hefur hún verið notuð við guðsþjónustu. En fyrst eptir að mál þetta var höfðað fyrir undirrett, um lok ágústmánaðar 1885, gjörir hann ráðstöfun til þess, að dómkvaddir menn gjöri skoðun á kirkjunni. Skoðunargjörð þessi segir nú einmitt, að upphaflegt smíði á kirkunni sýnist skoðunarmönnum fremur vandað eptir efninu, og þó að skoðunarmennirnir telji nokkra galla á byggingunni, þá eru þeir eigi þess eðlis, að áfrýjandinn þeirra vegna verði sakaður um sanningsrof, sjerstaklega þegar þess er gætt, að hinn stefndi átti að hafa eptirlit, enda gat haft eptirlit með húsbbyggingunni, eptir því sem henni miðaði áfram, og að hann eigi, svo sjeð verði, hreifði neinum útásetningum við kirkjusmíðið, þegar því var lokið. Það er mjög sennilegt, að hinn stefndi hafi samþykkt, ef eigi beinlínis, þá þó óbeinlínis, afbrigði þau á byggingar-tilhögun kirkjunnar, sem hann nú kvartar yfir og telur gjörð í heimildarleysi; annars hefði eptirlit það, er samingurinn heimilar honum, verið þýðingarlaust og að eins til málamyndar. Svo verður og eigi þvertekið fyrir það, að sum afbrigðin frá sanningsfyrirmælunum og sumir gallarnir á byggingunni eigi rót sína að rekja til þess, að eigi hafi verið fyrir hendi nægilegt, svo vel lagað og svo vandað efni, sem þörf var á, eins og áfrýjandi hefur tjáð að hafi átt stað; en allt efni átti stefndi að leggja til heima á byggingarstaðnum. Að athug-

uðum hinum tilgreindu málavöxtum og öllu því, sem fram er komið í sökinni af hálfu málsparta, verður yfirdómurinn að vera þeirrar skoðunar, að hinn stefnda hafi brostið heimild til þess, að halda fyrir áfrýjandanum hinum umstefndu smíðakaups-eptirstöðvum, og ber því að skylda hann til þess, að greiða þessar eptirstöðvar 499 kr. 43 aur. með vöxtum frá sátta-kærudegi 12. júní f. ár, 4 af hundraði hverju samkvæmt kröfum áfrýjandans fyrir undirrettinum.

Krafa áfrýjanda um 750 kr. skaðabætur fyrir atvinnumissi veturinn 18⁸²/₈₃ verður eigi tekin til greina, með því að það er eigi sannað í málinu gegn neitun stefnda, að áfrýjandinn hafi fyrir hans tilstilli verið atvinnulaus þennan vetur, enda er eigi vikið einu orði að þessum skaðabótum, eða að áminnstum atvinnumissi áfrýjanda, í samningum málsaðilanna, gjörðum 1. apríl og 13. okt. 1883. En það verður eigi skilið á annan veg, en að áfrýjandinn hafi þá sleppt öllum skaðabótakröfum fyrir atvinnutjón, hafi honum annars áður komið slíkar kröfur í hug.

Síðasti liðurinn í rjettarkröfu áfrýjanda er 200 kr. bætur fyrir tjón og ómök, er stefndi hafi bakað honum með tregðu og undandrætti á að greiða smíðakaupið. En með því að engin rök eru færð fyrir því, að hinir einstöku liðir reiknings þessa sju rjett taldir stefnda til skuldar, og með því að sumir liðir reikningsins beinlínis eru eiginlegur málskostnaður, er sjerstakt ákvæði verður gjört um síðar í dómnum, verður þessi krafa áfrýjandans að engu leyti tekin til greina gegn mótmælum stefnda.

Það verður því úrlausn máls þessa, að stefndi á að greiða áfrýjandanum 499 kr. 43 aur. með vöxtum

4 af hundraði frá sáttakærudegi 12. júní f. ár, þangað til upphæð þessari er lokið, en að öðru leyti á hinn áfrýjaði aukarjettardómur að vera óraskaður, einnig að því er snertir ákvæði um málskostnað fyrir undirrjetti. Eftir þessum úrslitum málsins á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, prófastur Jón Guttormsson, greiði áfrýjandanum, Guðmundi Jakobssyni, 499 kr. 43 aur. með 4% vöxtum frá 12. júní f. ár, þangað til upphæðinni er lokið. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði aukarjettardómur að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans; ella sæti stefndi aðför að lögum.

Mánudaginn 8. nóvembermán.

Nr. 22/1886

Hið opinbera

gegn

Sölva Thorsteinsen.

D ó m u r:

Það er löglega sannað með eigin játningu hins kærða, hafnsögumans Sölva Thorsteinsens á Ísafirði, að hann hefur haft um hönd veitingar í Ísafjarðarkaupstað frá 14. maí til 12. júlí þ. á., er hlut-